

49. fundur stjórnar Brunavarna á Austurlandi , Lyngási 12 Egilsstöðum , 25.09 2018 kl. 10:00

Mættir stjórnarmenn: Björn Ingimarsson Fljótsdalshéraði , Gauti Jóhannesson Djúpavogshreppi, Vilhjálmur Jónsson Seyðisfjarðarkaupstað, Þór Steinarsson Vopnafjarðarhreppi, Gunnþórunn Ingólfsdóttir Fljótsdalshreppi og Jakob Sigurðsson Borgarfjarðarhreppi, í forföllum Jóns Þórðarsonar.

Einnig mættir: Baldur Pálsson slökkviliðstjóri og Haraldur Geir Eðvaldsson aðstoðarslökkviliðstjóri.

1. Stjórn skiptir með sér verkum.

Tillaga er um að Björn Ingimarsson verði formaður, Þór Steinarsson varaformaður og Gunnþórunn Ingólfsdóttir ritari. Samþykkt.

2. Framlög aðildarsveitarfélaga, kostnaðarskipting.

Rætt um kostnaðarskiptingu milli sveitarfélaga og að skoða þurfi nýtt fyrirkomulag , þannig að framlög sveitarfélaganna spegli að lámarki launakostnað viðkomandi liðs og einhverja þátttöku í sameiginlegum kostnaði. Formanni, varaformanni og slökkviliðsstjóra falið að koma með tillögu þ.a.l. á næsta fundi stjórnar.

3. Slökkvilið á Vopnafirði.

Samningar við slökkviliðsmenn á Vopnafirði renna út um næstu mánaðarmót. Ekki hefur tekist að ná samkomulagi um sama fyrirkomulag (fjölda bakvaktarmanna) og hjá öðrum slökkviliðum samlagsins. Vopnafjarðarhreppur hefur einnig verið í viðræðum við slökkviliðsmennina í þeim tilgangi að finna lausn á málinu.

4. Reglugerð um slökkvilið.

Reglugerðin tók gildi sl. sumar. Slökkviliðsstjórar hafa verið að fara yfir hvernig starfsemi Brunavarna á Austurlandi uppfylli það sem fram kemur í reglugerðinni.

Telja þeir ljóst að auka þurfi við mönnun í slökkviliðunum upp í 16 manns, að undanskyldu slökkviliði á Borgarfirði. Slökkviliðsstjórar munu í samráði við bókhaldara samlagsins, leggja fyrir stjórn áætlun til 3ja ára, um fjölgun í liðunum. Stjórn leggur áherslu á að áætlunin komi sem fyrst fram svo hægt verði að taka tilliti til hennar við fjárhagsáætlanagerð sveitarfélaganna.

5. Fjárhagsáætlun 2019.

Umræðu frestað.

Þór vék af fundi kl. 11:25 , slökkviliðsstjórar einnig og Björn stuttu síðar.

6. Persónuverndarmál

Aron Thorarensen persónuverndarfulltrúi mætti á fundinn og fór yfir stöðu vinnu sinnar við persónuverndarmál. Nú er unnið með Egilsstaðaskóla og á sú vinna að nýtast öðrum skólum á svæðinu. Starfsmenn þurfa að skrifa undir þagnarskyldu og á það víðar við í stjórnsýslu sveitarfélaga. Aron sagði að nú færi mestu tími í að útbúa vinnsluskrár og undirbúa vinnslusamningaform , lagði fram skjal um samþykki vegna myndatöku skóla og birtingu myndefnis. Rætt um eyðingu gagna og varðveislu og hvenær gögn s.s. minnisþuntar, tölvupóstar o.þ.h. verða að persónuverndargögnum og sagði Aron það vera þegar skjöl verða

hluti af skrá. Einnig var rætt um samspil persónuverndarlaga við lög um opinber skjalasöfn sem starfsemi héraðsskjalasafna er undir. Héraðsskjalavörður hefur óskað eftir að funda með sveitarfélögum um þau mál. Þau sveitarfélög sem Aron starfar fyrir sem persónuverndarfulltrúi geta leitað til hans með aðkallandi mál, þó svo að sinni fari mestur tími hans í innleiðingu hjá skólunum.

Aron vék af fundi kl. 11:40

7. Önnur mál

Gert er ráð fyrir símafundi þegar tillögur slökkviliðsstjóra liggja fyrir ,en stefnt er að því að það verði innan hálfmánaðar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11:45

Gunnþórunn ritaði fundargerð